

Nd.

514. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Núgildandi lög um vinnumiðlun mæla svo fyrir, að í sérhverjum kaupstað skuli vera vinnumiðlunarskrifstofa, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða atvinnumálaráðherra ákveða. Í stjórn skrifstofunnar skulu vera fimm menn. Tveir skulu kosnir af bæjarstjórn, einn af verklyðsfélagi eða fulltrúaráði verklyðsfélaga á staðnum, einn af félagi atvinnurekenda, og einn tilnefndur af atvinnumálaráðherra, og skal hann vera fornaður stjórnarinnar. Kostnaður vegna skrifstofunnar skal að $\frac{2}{3}$ hlutum greiðast úr bæjarsjóði, en að $\frac{1}{3}$ hluta úr ríkissjóði. Kostnaður af símtölum, símskeytum og póstsendingum greiðist þó allur úr ríkissjóði.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er sú breyting gerð á gildandi lagaákvæðum, að hlutaðeigandi bæjarstjórn skuli kjósa 3 menn af 5 í stjórnina, en atvinnumálaráðherra skuli engan mann tilnefna. Minni hl. n. getur ekki fallið á, að ríkisvaldið sé svipt algerlega áhrifum á stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna. Þær eru ekki bæjarstofnanir einvörðungu. Samkvæmt 2. gr. gildandi laga er hlutverk þeirra m. a. „að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjum og ríki til atvinnubóta, svo og annarri vinnu, er ríki, bæir eða opinberar stofnanir fela skrifstofunni að úthluta“, og enn fremur „að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið“. Með tiliti til þessa verður að teljast eðlilegt, að ríkisvaldið hafi einhver áhrif á stjórn þessara stofnana, og verða áhrif þess sízt talin of mikil, meðan það tilnefnir einn mann af fimm í stjórnina, ekki hvað sízt, þegar það greiðir meira en $\frac{1}{3}$ af kostnaðinum við rekstur stofnunarinnar, en samkvæmt frv. er ætlað til, að ríkisvaldið haldi áfram að taka þátt í kostnaðinum, þótt það eigi engan mann að tilnefna í stjórnina.

Af þessum sökum er minni hlutinn andvígur frv. og leggur til, að það verði fellt.

Alþingi, 11. marz 1947.

Gylfi Þ. Gíslason, Helgi Jónasson.
frsm.